

Kirkjuþing unga fólksins 2016.  
4. mál –þskj. 11.

Nefndarálit  
við tillögu til þingsályktunar um  
æskulýðsstarf í söfnuðum Þjóðkirkjunnar

Frsm. Unnur Hlíf Rúnarsdóttir

Kirkjuþing unga fólksins 2016 ályktar að beina því til kirkjuþings þjóðkirkjunnar, biskups Íslands og kirkjuráðs að samþykktri fræðslustefnu kirkjuþings 2005 sé fylgt eftir á fullnægjandi hátt hvað varðar starf með unglingum og ungu fólki.

*Greinargerð:*

Frú Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, sagði í kosningabaráttu sinni þegar að hún var spurð út í æskulýðsmál:

*„... Æskulýðsstarf er nauðsynlegt í hverjum söfnuði til að öflugt kirkjustarf verði í framtíðinni...“*

Ennfremur sagði hún:

*„Skv. hugmyndum um samstarfssvæði á starf með æskulýðnum að vera í boði á hverju svæði...“*

Í Fræðslustefnu Þjóðkirkjunnar sem samþykkt var á Kirkjuþingi árið 2005 stendur í 1. kafla að fræðslustarfinu sé skipt í 5 megin flokka:

1. Foreldrastarf (sunnudagaskóli)
2. Barnastarf (6-9 ára og 10-12 ára)
3. Fermingarstarf
4. Starf með unglingum og ungu fólki
5. Fræðsla fullorðinna

Í undirkafla um 4. lið, *starf með unglingum og ungu fólki*, er tilgreint meðal verkefna að:

*„Stuðla að samfélagi fyrir unglunga í kirkjunni s.s. með æskulýðsfélagi.“*

og:

*„Búa ungt fólk undir virka þátttöku í safnaðarstarfi.“*

Í 2. Kafla af Fræðslustefnu Kirkjunnar er fjallað um starfsmannþjálfun. Í skilgreiningu á markmiðum þess kafla kemur m.a. fram:

*„Allt starfsfólk sem ráðið er til starfa á vettvangi þjóðkirkjunnar fái grundvallarþjálfun, ...“*

Ennfremur stendur undir verkefni:

*„Starfsfólki Þjóðkirkjunnar, launuðu sem ólaunuðu, sé boðið upp á grunnfræðslu um kristna trú og miðlun hennar, svo og mannleg samskipti og um sálgæslu.“*

Í 4. Kafla, *Skipulag fræðslumála Þjóðkirkjunnar*, stendur eftirfarandi:

*b. Sóknin-prestakallið:*

*„Í sérhverri sókn sé boðið upp á barna-, fermingar- og æskulýðsstarf...“*

*c. Hlutverk prófastsdæma:*

*„Starf meðal unglunga er á ábyrgð prófastsdæmis hafi sóknir og prestaköll ekki bolmagn til þess.“*

Nú eru 4 ár síðan að Frú Agnes var í framboði til Biskups Íslands og talaði um mikilvægi æskulýðsstarfs. Síðan þá hafa tvær kirkjur í Hafnarfirði og ein í Reykjavík lagt niður unglíngastarf sitt til viðbótar við þær kirkjur sem enn lengur hafa vanrækt starf sitt á þessu sviði án þess að brugðist hafi verið við eða gerðar við það alvarlegar athugasemdir. Það er óviðunandi að stórar sóknir komist upp með það að sleppa þessum mikilvæga hlekk í þroskaferli trúarinnar til að spara nokkra tíkalla.

- Spyr því Kirkjuþing unga fólksins hvort að Kirkjunni sé, þegar á reyni, alveg sama um þá meðlimi sína sem eru jafnframt framtíð Kirkjunnar?

Eins og kemur fram í Fræðslustefnu Þjóðkirkjunnar, sem Kirkjuþing samþykkti árið 2005 og vitnað er til hér fyrir ofan þá er það skylda hverjar sóknar að halda úti faglegu unglíngastarfi.

- Kirkjuþing unga fólksins krefst því þess að Kirkjuþing framfylgi eigin samþykktum, taki fram fyrir hendurnar á þeim kirkjum sem brjóta í bága við Fræðslustefnu Kirkjunnar og skikki þær til að standa fyrir æskulýðsstarf á ný.

*Reykjavík, 30. apríl, 2016*  
Aldís Ísabella Fannarsdóttir  
Bjarni Heiðar Jónsson  
Guðrún Helga Magnúsdóttir  
Jóna Alla Axelsdóttir  
Rannveig Erla Magnúsdóttir  
Sara Káradóttir  
Sunneva Una Pálsdóttir  
Unnur Hlíf Rúnarsdóttir  
Þorgerður Helgadóttir

#### *Breytingartillögur:*

Nefndin hefur fundað og leggur til að eftirfarandi viðbót verði gerð við tillöguna.

Kirkjuþing Unga Fólksins kallar eftir aukinni fræðslu um trúmál á eins fjölbreyttum vettvangi og kostur er á. S.s. fræðsla í grunn- og framhaldsskólum, auglýsingar í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum, fræðslubæklingar, foreldrafræðsla o.fl. Auk þess kallar KUF eftir því að komið sé sérstaklega á framfæri að æskulýðsstarfið er opið öllum. Fókli sem er Kristin trúar sem og trúlausum og fólki sem aðhyllist önnur trúarbrögð, þrátt fyrir að Þjóðkirkjan boði kristna trú.